

Dr. Ágúst Einarsson, prófessor  
Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands  
[agustei@hi.is](mailto:agustei@hi.is), gsm: 8916506


## Sérstaða Íslands í sjávarútvegi. Hver er hún og hvernig getur hún nýst í þróunaraðstoð?

Erindi á málþingi um  
Þróunaraðstoð Íslendinga í veiðum og sjávarútvegi  
haldið af Þróunarsamvinnustofnun Íslands  
og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna  
10. nóv. 2004 á Grand Hótel í Reykjavík


### Efnisyfirlit

- Staða okkar í heiminum í sjávarútvegi
- Staða okkar í heiminum
- Staða okkar í þróunarmálum, þ.m.t. framlög og þátttaka
- Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis
- Umhverfis-, stofnana-, skóla- og markaðsmál
- Tillögur um hvernig sérstaða okkar getur nýst í þróunaraðstoð
- Lokaorð


### Fundarstjóri, góðir áheyrendur.



Heimsaflinn hefur aukist verulega undanfarin ár en aukning síðustu ára ára er öll vegna fiskeldis. Þessi mynd sýnir þróun heimsaflans og er Kína sérstaklega tekið út úr. Heildaraflinn er 130 milljón tonn og þar af er eldisfiskur 30 milljón tonn. Kína er með 25 milljón tonn eldisfisks og 40 milljón tonn heildarafla. Tæplega 30 milljónir sjómanna eða fiskimanna eru í heiminum og auk þess vinna tæpar 10 milljónir manns í fiskeldi.




Hér sjáum við helstu veiðipjóðir og Ísland er meðal þeirra stærstu eða í 11. sæti. Sjávarútvegur er eina sviðið í heiminum þar sem við teljumst til mikilvægari þjóða.



Stærðardreifing ríkja heims er mikil. Þessi mynd sýnir stærðardreifingu 208 ríkja heims árið 2003.

Ísland er í flokknum með fæstu íbúanna og er Ísland í 173. sæti af 208 ríkjum. Aðeins 2 ríki eru með yfir milljarð íbúa en íbúar heims eru nú um 6,3 milljarðar. Okkar flokkur er sá minnsti með 18% hlutdeild.



Oft er unnið út frá landsframleiðslu þegar flokkað er eftir stærð og hér í mynd sjáum við slíka dreifingu fyrir árið 2003 fyrir 166 ríki á jafnvirðismælikvarða (PPP). Ísland er í 127. sæti og er í næst minnsta flokknum með um tæplega 9 milljarða dollara í landsframleiðslu. Flokkurinn okkar er með 16% hlutdeild.

Önnur Norðurlönd veita árlega til þróunaraðstoðar tvisvar til fimm sinnum meira en við, mælt sem hlutdeild af landsframleiðslu. Það er engin ástæða fyrir okkur að bera höfuðið hátt í þessum efnum en við erum 9. ríkasta þjóð í heimi hvað varðar verðmætasköpun á hvern íbúa á sambærilegu verðlagi.

Hér sjáum við ummæli OECD frá 2001.

Úr skýrslu OECD frá 2001 um Ísland.

Although Iceland is well aware of the global dimension of environmental problems and of the need to help developing nations play a part in their solution, its contribution to **development aid** is, in relative terms, **among the lowest** for all industrialised countries and about four times below the level that the Icelandic Government said in 1993 was to be reached by 2000.

Við skilum ekki inn gögnum til OECD um þróunaraðstoð okkar svo við erum ekki í þeim hefðbundna, alþjóðlega samanburði sem OECD gerir á hverju ári.

Framlag okkar til þróunarmála sem hlutfall af landsframléiðslu er lítið en hefur aukist nokkuð síðustu ár, einkum vegna framlaga til friðargæslu, sem eru flokkuð til þróunarmála, og vegna aukins fjár í Alþjóðaframfarastofnunina

Rúmlega 20% af þróunaraðstoð okkar núna er vegna friðargæslu, m.a. í Afganistan.

Þróunaraðstoð hefur ekki verið neinn umtalsverður þáttur í sjávarútvegi okkar Íslendinga hvorki af hálfu opinberra aðila eða fyrirtækja. Nokkuð hefur verið gert af opinberri hálfu og fyrir opinbert frumkvæði sem tengist sjávarútvegsmálum en það hefur ekki verið sérstaklega umfangsmikið. Íslensk fyrirtæki hafa nær alveg skilað auðu á þessum vettvangi.

Hvernig á að komast framhjá frásögnum um mútukerfið í þróunaraðstoð? Sagt er að 1 til 3 cent af hverjum dollar í þróunaraðstoð nái á leiðarenda. Allar þjóðir, þ.m.t. Íslendingar, segja að þetta geti vel verið rétt en það eigi bara ekki við þá!

Það hversu brýnt þetta verkefni er sést meðal annars á fólksfjölguninni. Á dögum Krists bjuggu um 300 milljónir manns á jörðinni. Um aldamótin 1900 voru íbúar jarðarinnar 1,3 milljarður og nú eru þeir um 6,3 milljarðar. Þeim fjölgar í 8 milljarða á næstu 25 árum eða um 2 milljarða. Vandamál næstu áratuga varðandi fæðuöflun, vatn og lífvænleg svæði til að búa á verða gífurleg. Tækniframfarir í vísindum, eins og í lífvísindum, munu hjálpa til við fæðuöflunina. Erfðabreytt matvæli verða örugglega óaðskiljanlegur þáttur í matarræði mannsins eftir nokkur ár. Sjávarfang og fiskeldi munu skipta sköpum.

Misskiptingin milli íbúa jarðarinnar er þó mjög mikil. Munurinn milli hinna ríku þjóða innan OECD, sem við tilheyrum, og hinna fátæku þjóða, sem eru tæpur helmingur jarðarbúa, er fimmtánfaldur og fer síst minnkandi.

Það eru rúmlega 200 ríki í heiminum og um 100 þeirra teljast til þróunarlandanna. Af þessum 100 ríkjum varð samdráttur í landsframléiðslu á mann í um 30 ríkjum á árunum 1965 til 2000. Hvað getum við gert til að bæta þessa stöðu? Framlag okkar til þróunarmála er ekki í neinu samræmi við ríkidæmi landsins en Ísland hefur lengi verið meðal 10 hæstu þjóða heims hvað varðar lífskjör. Þetta hlýtur að snerta þá umræða sem verður hér hjá okkur í dag.

Ég nefni hér 21 atriði sem teljast til sérstöðu í sjávarútvegi og fjalla sérstaklega um 8 þeirra sem gætu að mínu mati komið að gagni við þróunaraðstoð.

### **Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis:**

Umfangsmikil atvinnugrein á heimsvísu.

Þróuð atvinnugrein.

-Gott stjórnkerfi í veiðum.

Mikil veiðiafköst.

-Hátt tæknistig í veiðum, vinnslu og sölu.

-Vel virkar opinberar rannsókn- og þjónustustofnanir.

Stjórnkerfi okkar er í meginatriðum gott og fyrirmynd víða. Ráðgjöf í þeim efnum hefur verið nokkur og mætti vafalítið auka hana. Tækniráðgjöf hefur ávallt verið stór hluti okkar starfs en dregið hefur úr opinberri tæknaðstoð víða, m.a. vegna þess að aukin tækni eykur hættu á ofveiði og ný tækni er mjög dýr.

Opinberar stofnanir á sviði sjávarútvegs gætu lagt meira til þróunarmála ef þær fengju til þess fjárhagslegt svigrúm. Þessar stofnanir sem teljast til sérstöðu sjávarútvegsins eru Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskistofa. Einnig mætti nefna Háskóla Íslands í þessu sambandi en þar eru sérhæfðar stofnanir sem gætu gert meira í þróunarmálum ef þær væru eflar fjárhagslega. Sem dæmi innan Háskólans er Sjávarútvegsstofnun sem er þverfagleg rannsóknarstofnun, ýmis starfsemi í deildum sem snýr að sjávarútvegi, t.d. innan Raunvísindadeildar á sviði líftækni, innan Viðskipta- og hagfræðeildar á sviði fiskveiðistjórnunar og fyrirtækjareksturs og innan Félagsvísindadeildar í tengslum við mannfræði.

### **Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis:**

Mikil fjölbreytni í atvinnugreininni.

Mikilvæg í hagkerfi þjóðarinnar, einkum vegna gjaldeyrisöflunar.

-Umhverfisvandamál eru lítil.

Sterk staða í stjórnkerfi landsins.

Markaðslausnir ríkjandi og mjög lítil opinber framlög.

Ein sérstaða sjávarútvegs hérlendis eru tengsl hans við umhverfimál. Það er nokkuð góð sátt um þau mál hér innanlands sem er alls ekki sjálfsagt. Það er sérstök ástæða að vekja athygli á ummælum Rögnvaldar Hannessonar prófessors í Noregi sem er einn þekktasti fiskihagfræðingur í heimi. Rögnvaldur telur umhverfissamtök hættulegustu ógnun við sjávarútveg í heiminum. Með því á hann við að sífellt öflugri samtök berjist gegn

veiðum, þótt þær séu sjálfbærar. Við rekum okkar sjávarútveg í sátt við umhverfissamtök hérlendis að mestu leyti og við höfum reynslu af viðhorfum á alþjóðavettvangi í umhverfis- og friðunarmálum sem snýr að hvalveiðum. Það ber því að taka orð prófessors Rögnavaldar alvarlega.

Sjávarútvegurinn hefur sérstöðu og ég hef oft bent á það að fiskveiðar eru einu umtalsverðu veiðarnar á villtum dýrum til mannelis í heiminum. Öll önnur nýting á dýrum byggist nú orðið að langmestu leyti á ræktun eða eldi dýra á afmörkuðum svæðum. Við eigum mikla hagsmuni með þróunarlöndunum að hægt sé að stunda veiðar á fiski til mannelis á hagkvæman og sjálfbæran hátt. Öfgahyggja í þessum efnunum er mjög varasöm og beinlínis stórhættuleg. Hér fara hagsmunir okkar og þróunarlöndanna saman og af hverju ekki að tengja þróunaraðstoð okkar baráttu fyrir því að upplýsa almenning á Vesturlöndum um þessi mál? Þróunarlöndin yrðu þar okkar drýgstu bandamenn.

### **Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis:**

-Góð almenn menntun og tiltölulega gott skólakerfi.

-Góðir vísindamenn á mörgum sviðum, margir á heimsmælikvarða.

Lítil skriffinnska í fyrirtækjum og hjá opinberum aðilum.

Erfiðir kjarasamningar.

Mjög háð útlendingum í vinnslu.

Framlög okkar í tengslum við skóla Sameinuðu þjóðanna eru mjög mikilvæg. Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna var stofnaður 1998 og þar er unnið gott starf sem tengist þróunarmálum og hefur sérstöðu innan sjávarútvegs hérlendis. Skólinn er byggður upp sem sérnám að lokinni 1. háskólagráðu, er með 3-4 námsbrautir og starfar 4-5 mánuði á ári. Hann er fjármagnaður að mestu með framlagi Íslands til Sameinuðu þjóðanna. Núna eru 20 nemendur þar frá 15 löndum. Þessi 5 ár hafa 104 nemendur útskrifast. Þetta starf er mikilsvert framlag okkar og ef hægt væri að auka það ætti að gera það en 100 nemendur á 5 árum er ekki sérstaklega mikið.

Annar mikilvægur skóli Sameinuðu þjóðanna er Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Háskóli Sameinuðu þjóðanna er ein af fjölmörgum stofnunum þeirra og er með aðalstöðvar í Japan og er Jarðhitaskólinn hluti hans. Jarðhitaskólinn felst í 6 mánaða námskeiðum og þjálfun fyrir nemendur í jarðvísindum sem hafa fyrstu háskólagráðu og margir eru komnir lengra í námi. Þetta er framhaldsnám í sérhæfðum vísindum sem gagnast þróunarlöndun.

Framlög okkar Íslendinga til þessara tveggja deilda Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur verið í þessi 25 ár 12 milljónir dollara eða um 900 milljónir. Á næsta ári verður varið til þessara tveggja skóla skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 118 millj. kr. sem er nú engin ofrausn því þetta form er mjög gott. Menntun er vitaskuld besta þróunaraðstoðin.

Við ættum sem eitt mikilvægsta framlag til þróunaraðstoðar að bjóða fram nám á lægra stigi en eftir 1. háskólagráðu. Það getur orðið árangursríkt. Ég var einn af þeim sem kom á laggirnar sjávarútvegsnámi í Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands fyrir margt löngu, námi sem er enn við lýði í breyttu formi en þar voru menntaðir fjölmargir af millistjórnendum og yfirstjórnendum sem enn þann dag í dag starfa í íslenskum sjávarútvegi.

Slíkt millistjórnendanám hentar að mínu mati mjög vel fyrir þróunarlöndin, þ.e. ekki of erfitt nám og sem byggir ekki á of mikilli forkunnáttu heldur lýsir á einfaldan og praktískan hátt raunverulegum aðstæðum í löndum þeirra. Af hverju ekki að gera í útlöndum það sem hefur vel tekist til hjá okkur?

Hérlendis er góð menntun og góðir vísindamenn, margir á heimsmælikvarða, eru innan stofnanahagfræði eða The New Institutional Economics, þar sem m.a. er fjallað um félagsauð (Social Capital) sem er mikilvægur fyrir þróunarlöndin. Þráinn Eggertsson prófessor er einn þekktasti vísindamaður í heimi á þessu sviði.

### **Sérstaða í sjávarútvegi hérlendis:**

-Mjög gott markaðskerfi.

Forusta í alþjóðaráðstefnu í markaðsmálum (Groundfish Forum).

-Fjölpjódleg starfsemi einkum í markaðssetningu.


Minnkandi þátttaka á hlutabréfamarkaði.

Mikilvæg í byggðapróun.

Markaðsmálin eru mjög mikilvæg og þar held ég að við gætum komið að mestu gangi vegna góðs markaðskerfis. Ég held því fram að sölukerfi okkar á sjávarafurðum sé ein helsta auðlind Íslendinga. Hún er ekki ný enda hefur verið unnið að henni í næstum heila öld. Mikil þekking hefur safnast upp hérlendis og fólk geri sér almennt ekki ekki grein fyrir hversu verðmæt hún er. Það er einmitt vegna markaðsmálanna sem við erum svona sterk á alþjóðavettvangi í sjávarútvegi.




**FIGURE 25**  
Fish as food: per capita supply




Þessi mynd sýnir neyslu á sjávarfangi í heiminum. Hér sést vel að það er tiltölulega lítið fiskneysla víðast í þróunarlöndun.

**FIGURE 11**  
World trade in oceanic species




Verslun með sjávarfang hefur hins vegar margfaldast eins og hér sést eða fimmfaldast á 15 árum. Það er mikið eða tæplega 7% vöxtur á ári.



Það hversu útflutningur sjávarafurðu skiptir miklu fyrir þróunarlöndin sést hér vel í samanburði við aðra mikilvægar vöruhegundir. Sjávarvöruútflutningur er hér mikilvægastur og hefur vaxið mikið síðastliðin 20 ár. Þessi árlegi útflutningur þróunarlöndanna upp á tæpa 20 milljarða dollara svarar til útflutnings á sjávarfangi frá Íslandi í um 10 ár. Þessi viðskipti eru því mikil og þarna er tækifæri fyrir okkur.

## Helstu fiskveiðipjóðir heims, inn- og útflutningur árið 2002




Sjávarútvegurinn í tölum 2004


Ágúst Einarsson, 10. nóvember 2004

Heimild: FAO Source: FAO  
16


Hér sjáum við okkur í góðra ríkja hópi en við erum stórir útflytjendur miðað við aðra.



Hér sjáum við innflutning til einstakra heimsálfa. Til Afríku er flutt um 75% af neyslunni, mest frá Evrópu. Til Norður-Ameríku er flutt inn um 70% og sáralítið frá Afríku.



Suður-Ameríka er mjög sjálfbær með um 40% innflutning. Ástralía er mest háð innflutningi af fiski, einkum frá Asíu.



Asía er að mestu sjálfbær. Evrópa flytur tiltölulega lítið inn frá Afríku. Þetta sýnir okkur að möguleikar eru víða í viðskiptum og viðskiptasamböndum til að aðstoða í markaðssetningu á sjávarfangi þar sem við eigum mjög góðar dreifileiðir.

### Átta tillögur um hvernig sérstaða í sjávarútvegi getur nýst í þróunaraðstoð.

1. Hjálpa á sviði markaðsmála og fá SH, SÍF og Samherja með sér í það verkefni.
2. Ritun einfaldra kennslubóka í sjávarútvegsfræðum fyrir þróunarlönd, t.d. af hálfu sérfræðinga Háskóla Íslands og hjá innlendum stofnunum.
3. Senda fólk héðan til kennslu í sjávarútvegsfræðum í þróunarlöndunum, bæði á lægri og æðri skólastigum.

4.

Upplýsa þá sem vinna að þróunarmálum hérlendis og erlendis um nýjustu kenningar stofnanahagfræðinnar um félagsauð. Greina félagsauð í þróunarlöndunum og gera tillögur um úrbætur í þeim eignum.

5.

Þjóða í mun ríkara mæli erlendum stofnunum og ríkisstjórnunum íslenska vísindamenn og íslenska vísindastofnanir til að gera úttektir og veita ráðgjöf. Ef íslensk stjórnvöld myndu fjármagna þetta gæti það orðið veigamikill þáttur í þróunaraðstoð.

6.

Fræða um skráningu upplýsinga og þróun hugbúnaðar.

7.

Kenna á ný veiðarfæri og tækni, sbr. Grænhöfðaeypjar af hálfu opinberra aðila og Chile og Þýskaland af hálfu einkafyrirtækja.

8.

Sækja ráð til sérfróðra aðila hérlendis, eins og Öldu Möller, Björns Dagbjartssonar, Brynjólfs Bjarnasonar, Einars Benediktssonar, Friðriks Pálssonar, Gríms Valdimarssonar, Jóhanns Sigurjónssonar, Jónasar Haralz, Jóns Hákonar Magnússonar, Kristjáns Skarphéðinssonar, Magnúsar Gunnarssonar, Ragnars Árnasonar, Rögnvaldar Hannessonar, Tuma Tómassonar og Þráins Eggertssonar.

### **Lokaorð**

Íslendingar eru örþjóð á flestum mælivörðum í heildartölum, t.d. fólksfjölda, landsframleiðslu o.fl, en þó ekki á sviði sjávarútvegs. Þar erum við meðal hinna stóru og það er á eina sviðinu sem við erum það. Við getum vel státað af ýmsu miðað við fólksfjölda en það er annað mál og reyndar er þróunaraðstoð ekki þar á meðal. Ef við viljum taka forustu í þessum málaflokki innna alþjóðasamfélagsins þá höfum við burði til þess.

Það er einnig athyglisvert að setja þessi mál í samhengi við fyrirhugað framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Endalaust má ræða hvort örþjóð eins og við höfum þangað raunverulegt erindi og möguleika á því að komast þangað. Sé það hins vegar vilji okkar gæti verið mikilvægt innlegg í þá viðleitni til að vekja athygli á okkur að koma fram með nýja sýn og faglegt framlag í þróunaraðstoð í sjávarútvegi. Hvort sem slíkt bæri árangur í tengslum við framboðið til Öryggisráðsins eða ekki þá skilar það alla vega bærilegu framlagi einnar ríkustu þjóðar í heimi til þeirra sem minna mega síns.

Þetta er því verðugt verkefni og mín skoðun er sú, stutt af fræðunum, að menn eigi að sækja fram á þeim vettvangi sem þeir kunna á og hafa sterka stöðu í. Sjávarútvegur hefur alltaf verið okkar styrkleiki þannig að það er einboðið að nýta þann styrkleika til að láta gott af sér leiða og gera það ekki of flókið.

Það er ekki langur tími síðan við vorum í stöðu hinna fátæku þróunarlanda á sviði sjávarútvegs og á öðrum sviðum. Það eru ekki nema rétt rúm eitt hundrað ár. Okkur ætti því öðrum þjóðum framar að renna blóðið til skyldunnar.

Þakka ykkur fyrir.